

## **2. Fundur bæjarráðs Blönduóssbæjar miðvikudaginn 7. júlí 2010, kl. 15:00.**

**Formaður bæjarráðs, Kári Kárason setti fundinn. Arnar Þór Sævarsson, bæjarstjóri ritaði fundargerð. Mæting skv. undirskriftum.**

---

### **Dagskrá:**

#### **1. Fundargerðir:**

- a) Skipulags-, byggingar- og veitunefndar frá 5. júlí 2010
- b) Bs. um menningu og atvinnumál frá
- c) Sambands íslenskra sveitarfélaga frá 25. júní 2010
- d) Stjórnar Bs. um Tónlistarskóla A-Hún frá 29. júní 2010
- e) Samvinnunefndar frá 9. júní 2010
- f) Stjórnar SSVN frá 21. júní 2010
- g) Heilbrigðisnefndar Norðurlands vestra frá 11. júní 2010
- h) Stjórnar Brunavarna A-Hún frá 11. júní 2010

#### **2. Bréf frá Umhverfisiráðuneytinu frá 29. júní 2010**

#### **3. Bréf frá Bs. um menningu og atvinnumál 14. júní 2010**

#### **4. Áskorun frá ábúendum/eigendum jarðanna Breiðavaðs, Björnólfsstaða, Ystagils og Miðgils**

#### **5. Ársreikningur Skúlahorns ehf. 2009**

#### **6. Endurskoðun Samþykkta Blönduósbæjar**

#### **7. Bréf frá Svæðisráði Málefna fatlaðra á Norðurlandi vestra frá 18. júní 2010**

#### **8. Ársreikningur Ámundakinnar ehf. 2009**

#### **9. Húsnæðismál**

#### **10. Framkvæmdir í Brautarhvammi**

#### **11. Kosning um búfjárefnirlits- og fjallskilanevnd A-Hún og gróður- og náttúruverndarnevnd A-Hún**

#### **12. Fyrirspurn frá Oddný M. Gunnarsdóttur frá 1. júlí 2010**

#### **13. Atvinnumál**

#### **14. Önnur mál**

---

## **Afgreiðslur:**

**Borin er upp í upphafi fundar tillaga af hálfu Oddnýjar að liður 12. í útsendri dagskrá beri heitið Staða framkvæmda á skólalóð í stað Fyrirspurnar frá Oddnýu M. Gunnarsdóttur frá 1. júlí 2010. Samþykkt samhljóða.**

### **1. Fundargerðir:**

#### **a) Skipulags-, byggingar- og veitunefndar frá 5. júlí 2010**

*Fundargerðin kynnt og tekin til umræðu. Zophonías tók ekki þátt í afgreiðslu 4. liðar fundargerðarinnar. Fundargerðin samþykkt samhljóða.*

#### **b) Bs. um menningu og atvinnumál frá 11. júní 2010**

*Fundargerðin kynnt og tekin til umræðu. Lögð fram til kynningar*

#### **c) Sambands íslenskra sveitarfélaga frá 25. júní 2010**

*Fundargerðin kynnt og tekin til umræðu. Lögð fram til kynningar*

#### **d) Stjórnar Bs. um Tónlistarskóla A-Hún frá 29. júní 2010**

*Fundargerðin kynnt og tekin til umræðu. Lögð fram til kynningar*

#### **e) Samvinnunefndar frá 9. júní 2010**

*Fundargerðin kynnt og tekin til umræðu. Lögð fram til kynningar*

#### **f) Stjórnar SSNV frá 21. júní 2010**

*Fundargerðin kynnt og tekin til umræðu. Lögð fram til kynningar*

#### **g) Heilbrigðisnefndar Norðurlands vestra frá 11. júní 2010**

*Fundargerðin kynnt og tekin til umræðu. Lögð fram til kynningar.*

#### **h) Stjórnar Brunavarna A-Hún frá 11. júní 2010**

*Fundargerðin kynnt og tekin til umræðu. Lögð fram til kynningar*

### **2. Bréf frá Umhverfisiráðuneytinu frá 29. júní 2010**

*Umhverfisiráðuneytið veitir Blönduósbæ tímabundna undanþágu frá starfsleyfi fyrir urðunarstaðinn í Draugagili fram til opnun urðunarstaðarins við Sölvabakka en þó eigi lengur en til 1. janúar 2011.*

*Umræður urðu um málið. Lagt fram til kynningar.*

### **3. Bréf frá Bs. um menningu og atvinnumál 14. júní 2010**

*Á fundi Byggðasamlags um menningu og atvinnumál þann 11. júní sl., var framkvæmdastjóra byggðasamlagsins falið að senda bréf á sveitarfélögin í Austur-Húnavatnssýslu þar sem farið er á leit við sveitarfélögin að þau samþykki greiðslu á viðbótarframlagi til byggðasamlagsins vegna framkvæmda við Kvennaskólann samkvæmt meðfylgjandi gögnum. Viðbótarframlag Blönduósbæjar er 5.2 millj. króna.*

*Þá er í bréfinu farið fram á að sveitarstjórnir í A-Hún samþykki að fela stjórn byggðasamlagsins umboð til að tilnefna fulltrúa í stjórn Heimilisiðnaðarsafnsins.*

Bæjarráð samþykkir bæði erindin og vísar erindinu til endurskoðunar fjárhagsáætlunar.

**4. Áskorun frá ábúendum/eigendum jarðanna Breiðavaðs, Björnólfsstaða, Ystagils og Miðgils frá 25. júní 2010**

*Ofangreindir ábúendur skora á bæjarstjórn Blönduósbæjar að sjá til þess að girðingum fjallmegin þjóðveggar 1 frá merkjum Miðgils og Engihlíðar og að merkjum Þorbrandsstaða og Geitaskarðs verði komið í viðeigandi horf svo fé leiti ekki stöðugt á vegsvæðið gegn um lönd þessara jarða.*

*Bæjarstjóra falið að svara áskoruninni í samræmi við þær umræður sem urðu á fundinum.*

*Erindinu vísað til landbúnaðarnefndar.*

**5. Ársreikningur Skúlahorns ehf. árið 2009.**

*Fyrir fundinum lá ársreikningur Skúlahorns ehf. fyrir árið 2009.*

*Lagt fram til kynningar.*

**6. Endurskoðun Samþykktar Blönduósbæjar**

*Á fundi bæjarstjórnar 15. júní sl. var samþykkt að endurskoða samþykktir Blönduósbæjar.*

*Bæjarráð tilnefnir eftirfarandi aðila: Ágúst Þór Bragason, forseti bæjarstjórnar, Arnar Þór Sævarsson bæjarstjóri og Oddný M. Gunnarsdóttir, bæjarfulltrúi.*

**7. Bréf frá Svæðisráði Málefna fatlaðra á Norðurlandi vestra frá 18. júní 2010**

*Á fundi Svæðisráðs málefna fatlaðra 1. mars 2010 var formanni félagsins falið að skrifa til sveitarstjórna á Norðurlandi vestra og minna á þá miklu ábyrgð sem yfirfærsla þessa málaflokks er.*

*Lagt fram til kynningar.*

**8. Ársreikningur Ámundakinnar árið 2009**

*Fyrir fundinum lá ársreikningur Ámundakinnar ehf. fyrir árið 2009 ásamt samantekt um starfsemi félagsins árið 2009.*

*Lagt fram til kynningar.*

**9. Húsnæðismál**

*Lagður fram listi um umsóknir um íbúðir í eigu Blönduósbæjar. Umræður urðu um málið.*

## **10. Framkvæmdir í Brautarhvammi**

Fyrir fundinn liggur frammi tillaga frá tæknideild vegna óska frá rekstraraðila tjaldsvæðisins í Brautarhvammi. Rekstraraðili svæðisins telur brýnt að bætt sé úr afþreyingu fyrir ung börn með leiktækjum á svæðinu. Áætlaður kostnaður er 900.000 krónur. Við gerð fjárhasgáætlunar 2010 var gert ráð fyrir 1. millj. króna til framkvæmda í Brautarhvammi.

Bæjarráð samþykkir erindið.

## **11. Kosning um búfjárefnirlits- og fjallskilanevnd A-Hún og gróður- og náttúruverndarnefnd A-Hún.**

Samkvæmt samstarfssamningi sveitarfélaga í A-Hún um búfjárefnirlits- og fjallskilanevnd A-Hún og gróður- og náttúruverndarnefnd A-Hún ber sveitarstjórnnum í A-Hún að tilnefna fulltrúa sinn og varafulltrúa í nefndirnar.

Bæjarráð tilnefnir Gauta Jónsson sem aðalfulltrúa í báðum nefndum og varafulltrúi er Guðmundur Ingbórsson.

## **12. Staða framkvæmda á skólalóð.**

Fulltrúi S-listans lýsti því yfir að óánægja væri með gerð tjarnarinnar við sundlaugina.

Bæjarráð samþykkir að fá nánari gögn um málið frá Sundlaugarhóp og bæjarráð óskar eftir því fulltrúar hópsins mæti á næsta bæjarráðsfund ásamt yfirmanni íþróttamannvirkja til að fara yfir sundlaugarframkvæmdina í heild sinni. Næsti fundur bæjarráðs verður haldinn fimmtudaginn 15. júlí n.k.

## **13. Atvinnumál**

Formaður bæjarráðs fór yfir atvinnumál í sveitarfélaginu. Umræður urðu um málið.

## **14. Önnur mál**

### **a) Aðalfundur Brunavarna Austur-Húnavatnssýslu**

Aðalfundur Brunavarna Austur-Húnavatnssýslu verður haldinn mánudaginn 12. júlí kl. 14:00. Fundurinn verður haldinn í dómsal að Hnjúkabyggð 33.

### **b) Málefni HSB**

Zophonías Ari tók til máls og greindi frá fundi með starfsmönnum heilbrigðisráðuneytisins, sveitarstjórnarmönnum og stjórnendum HSB. Bæjarstjóri upplýsti að óskað hefði verið eftir fundi með ráðherra heilbrigðismála.

Bæjarráð lýsir yfir áhyggjum yfir fyrirhugaðri sameiningu heilbrigðisstofnana á Norðurlandi vestra. Bæjarráð samþykkir að hefja undirbúning til að bregðast við fyrirhuguðum aðgerðum heilbrigðisráðuneytisins.

*Fundargerð upplesin og samþykkt.*

*Fundi slitið 18:40*

*Kári Kárason (sign.)  
Zophonías Ari Lárusson (sign.)  
Oddný M. Gunnarsdóttir (sign.)*

*Arnar Þór Sævarsson (sign.)*